

Sp.

614. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun nefndar til rannsóknar á Þormóðsslysinu 18. febr. 1943.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa till. og aflað sér nauðsynlegra gagna um málið. Eru nokkur bréf hér að lútandi prentuð sem fskj. með þessu nál.

Nefndin telur, eins og allir aðrir, sem vitað er um, að sjálfsagt sé í alla staði, að gagnger rannsókn fari fram á umræddu slysi og öllum ástæðum það áhrærandi. Hefur við athugun málsins þetta komið í ljós:

1. Þormóðsslysið er talið hafa að borið 17. eða 18. febr. s. l.
2. Þann 20. febr. skrifar eigandi m/s Þormóðs, hr. Gísli Jónsson framkvæmdarstj. f. h. fiskveiðahlutafélagsins Njáls (en skipið var á vegum skipaútgerðar ríkisins) til lögmannsins í Reykjavík og fer fram á dómkvaðningu tveggja manna til þess að skoða og gefa álit sitt um reköld og þess háttar úr skipinu.
3. Sama dag (20. febr.) voru 2 menn útnefndir til þessa í bæjarþingi Reykjavíkur, þeir Magnús Guðmundsson skipasmiður og Flosi Sigurðsson trésmiður.
4. Þann 1. marz s. l. gefa hinir dómkvöddu menn út álit sitt og afgreiða það til fiskiveiðahlutafélagsins Njáls.
5. Þann 4. sama mán. (marz) skrifar farmanna- og fiskimannasamband Íslands til ríkisstjórnarinnar (stjórnarráðsins) og fer fram á rannsókn á rekaldi úr skipinu Þormóði ásamt könnun á ástandi skipsins.
6. Þann 8. marz sendir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið málið til lögmannsins í Reykjavík og óskar þess, að sjódomur taki það til meðferðar og rannsóknar hið allra fyrsta og neyti til þess einnig aðstoðar annarra sérfróðra manna o. s. frv.
7. Þann 12. marz gefur atvinnumálaráðherra, að gefnu tilefni, skýrslu um þessa ákvörðuðu rannsókn. Og daginn eftir (eða um það bil) er fyrirbyggjandi tillaga á þskj. 523 lögð inn til Alþ. (útbýtt 15. marz).

Eins og bert er af framanskráðu (sbr. einnig hin prentuðu fskj.), er nú, að því er víst má telja, ýtarleg rannsókn í gangi út af Þormóðsslysinu, á þeim tryggasta stað, sem völ er á, og þykir nefndinni því að svo vöxnu eigi þörf að stofna til annarrar rannsóknar. Einn nefndarmanna, Sigfús Sigurhjartarson, óskar þess getið, að hann hafi eigi verið á nefndarfundi, er ákvörðun var tekin um afgreiðslu málsins. En nefndin leggur til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem vitað er, að nú fer fram að tilhlutun ríkisstjórnarinnar rannsókn á Þormóðsslysinu fyrir sjódomi Reykjavíkur og í því trausti, að hún verði eins ýtarleg í hvívetna og til hefur verið ætlazt, þykir ekki ástæða til þess, að Alþingi geri ályktun

um aðra rannsókn, eins og fyrirbyggjandi till. ætlast til, a. m. k. ekki að svo stöddu, og tekur þingið því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. marz 1943.

Gísli Sveinsson, Sigurður Þórðarson. Páll Zóphóniasson.
form., frsm.
Gísli Jónsson. Ásg. Ásgeirsson. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Útskrift úr bæjarþingsbók Reykjavíkur.

Ár 1943, laugardaginn 20. febrúar, var bæjarþing Reykjavíkur sett í lögmanna-skrifstofunni og haldið af settum lögmanni, Kr. Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir eftir beiðni Gísla Jónssonar f. h. fiskiveiðahlutafélagsins Njáll:

að útnefna tvo menn til þess að skoða og rannsaka hluti, sem álitid er, að séu úr þilfari og skipshlid m/s Þormóður, sem mun hafa farizt s.l. miðvikudagskvöld, 17. þ. m., eins og nánar er tekið fram í beiðninni.

Fram var lagt í réttinum nr. 1, beiðni um gjörð þessa, svo hljóðandi:

Nr. 1.

FISKIVEIÐAHLUTAFÉLAGIÐ NJÁLL

Reykjavík, 20. febrúar 1943.

Það er nú orðið ljóst, að m/s „Þormóður“ hefur farizt s.l. miðvikudagskvöld í ofviðri við Garðskaga, ásamt þrjátíu manns, sem voru með skipinu. Við leit, sem hafin var, hefur fundizt á þeim slóðum, sem skipið var, eitt lík af konu, sem hefur þekkt og vitað er, að var með m/s „Þormóður“, og auk þess hluti úr þilfari og skipshlid, hvort tveggja úr tré, er kunnugir menn staðfesta, að séu úr m/s „Þormóður“. Hafa hlutir þessir verið fluttir vestur í Slipp, þar sem þeir eru geymdir.

Með því að oss er nauðsynlegt að fá, ef mögulegt er, sem nákvæmastar sannanir fyrir orsökum slyssins, en vér teljum hins vegar, að hlutir þeir, sem fundizt hafa, beri það nokkuð með sér, þá leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, herra lögmaður, að þér útnefnið nú þegar tvo velmetna og valinkunna skipasmiði til þess að skoða og rannsaka mjög nákvæmlega fyrrnefnda hluti og gefa skriflega skoðunargerð um eftirfarandi:

1. Úr hvaða efni hlutir þeir, sem fundizt hafa, eru.
2. Hvort ætla má, að hlutirnir séu úr vélskipinu „Þormóður“.
3. Hvort efnið beri það með sér, að nokkrar veilur hafi verið í skipi því, sem stykkin eru úr.
4. Hvort nokkur merki séu sjáanleg á stykkjunum, er gefi til kynna, af hvaða ástæðum þau muni hafa brotnað úr skipinu.

Þess er óskað, að skoðunarmennirnir leiti allra upplýsinga viðvikjandi þessu at-riði hjá verkstjóra Slippfélagsins h/f, sem mjög vel þekkti skipið, þar sem hann hefur séð um allar viðgerðir á skipinu undanfarna mánuði. Þeir tilkynni einnig undirrituðum, hvenær skoðunin fer fram, svo að unnt sé að hafa viðstadda þá aðila, sem á- huga hafa fyrir málinu, svo sem vátryggjendur og eigendur.

Virðingarfyllst

Fiskiveiðahlutafélagið „Njáll“

Gísli Jónsson.

Til lögmansins í Reykjavík.

Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 20. febr. 1943.

Kr. Kristjánsson
— settur —

Til þess að framkvæma hið umbeðna kvaddi rétturinn sem hæfa menn og óvilhalla þá Magnús Guðmundsson, skipasmið, Bárugötu 17, og Flosa Sigurðsson, trésmið, Lækjargötu 12 A, báða til heimilis hér í bænum.

Ber þeim að semja skriflega skoðunar- og álitsgjörð, vanda hana eftir beztu þekkingu og samvitzku og vera reiðubúnir að staðfesta hana með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt verður.

Skoðunarmennirnir leiti upplýsinga hjá verkstjóra Slippfélagsins, sem þekkti skipið mjög vel. Þeir tilkynni einnig gjörðarbeiðanda, hvenær skoðunin fer fram.

Bæjarþinginu slitið.

Kr. Kristjánsson

— settur —

Vottar:

A. Helgason.

D. Árnadóttir.

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofu lögmansins í Reykjavík, 20. febrúar 1943.

Kr. Kristjánsson

— settur —

Gjald: kr. 12.75

— tólf krónur sjötíu og fimm aurar —

Greitt.

Kr. Kristjánsson

— settur —

Fylgiskjal II.

Samkvæmt útnefningu lögmansins í Reykjavík, dags. 20. febr. 1943, höfum við undirritaðir athugað tvo fleka, sem fundizt höfðu á floti og að rannsókuðu máli virðast vera úr mótorskipinu „Þormóður“, sem mun hafa farizt miðvikudagskvöldið 17. þ. m.

Annar flekinn er úr byrðing skipsins b.b.megin að framan, stærð 4 metr. \times 1.20 metr. Utanbyrðingur 6 umför úr eik $2'' \times 7''$ og eitt umfar $2'' \times 8''$ og eitt umfar $2\frac{1}{2}'' \times 8''$. Í fleka þessum eru 9 tvöföld eikarbönd 4''.

Innan á böndunum eru 4 plankar úr furu (nýju efni) $2'' \times 6''$ og á miðjum lífplanki eftir allri lengdinni $3'' \times 10''$ úr pitchpine.

Enginn fúí er finnanlegur í ofangreindu efni.

Hinn flekinn er úr þilfari skipsins stj.b.megin við vélarhúsið, stærð $5'' \times 1,3$ metrar, allur úr nýju efni, saumur og járn sömuleiðis nýtt. Plankarnir úr furu $3'' \times 5''$. Skandekkið úr eik $3''$ þykkri. Hálfbitar, sem eru í þessu stykki, eru allir, 6 að tölu, af þessum sverleika, úr eik:

1. $6\frac{1}{2}'' \times 5''$
2. $7'' \times 5''$
3. $5'' \times 5''$
4. $5'' \times 5''$
5. $5\frac{1}{2}'' \times 5''$
6. $7'' \times 5''$

Á fleka þessum eru botnspor fyrir bátauglu og messing áfellingarlok f. olíu.

Byrðingsflekinn ber það með sér, að hann er brotinn eftir harða viðkomu, þannig, að skipið hefur komið á grunn eða stór partur af flekanum barizt í grjóti.

Reykjavík, 1. marz 1943.

Magnús Guðmundsson. Flosi Sigurðsson.

Til Fiskveiðahlutafélagsins Njáll, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. marz 1943.

Að framkomnum tilmælum ýmsra sambandsfélaga leyfir stjórn F. F. S. Í. sér að fara fram á það við háttvirt stjórnarráð, að það láti fram fara rannsókn sérfróðra manna á rekaldi því, er borizt hefur að landi úr m/s Þormóður BA 291 hér í Reykjavík og á Akranesi og víðar, ef um rekald er að ræða úr nefndu skipi.

Til rannsóknarinnar verði valdir siglingafróðir og sérfróðir menn um skipa- byggingar.

Rannsókn verði einnig gerð á því, hverjar breytingar hafa verið gerðar á skipinu síðan það kom hér til lands, og hver styrkleikaauki var í það settur, þegar skipt var um vél í því.

Telja má líklegt, að allýtarlegar upplýsingar um þessi síðastnefndu atriði geti fengizt hjá fyrrverandi skipstjóra skipsins, Elíasi Guðmundssyni, Akranesi, og vélstjóra þeim, er eftir varð af því vegna slyss. Enn fremur hjá þeim, er framkvæmdu viðgerðirnar.

Stjórn F. F. S. Í. vill taka það fram, að hún telur nauðsynlegt, að tekin sé upp sú regla, að hið opinbera fyrirskipi rannsókn hvert sinn, er svipuð slys ber að höndum, þar sem ætla má, að með því fáist úr því skorið, hvort ástæðan til slyssins er af ónógum traustleika viðkomandi skips.

Það eru vinsamleg tilmæli stjórnar F. F. S. Í. að fá að fylgjast með því, sem gerist í þessu máli.

Virðingarfyllst.

f. h. Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands

Halldór Jónsson.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal IV.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. marz 1943.

Jafnframt því að senda yður, herra lögmaður, hjálagt erindi frá Farmanna- og Fiskisambandi Íslands, dags. 4. þ. m., varðandi rannsókn á Þormóðsslysinu, er þess óskað, að sjódomurinn í Reykjavík taki mál þetta til meðferðar og rannsókna.

Virðist rétt, að hann fái siglingafróða menn og sérfræðinga um skipabyggingar til athugunar á atriðum þeim, sem um getur í nefndu bréfi, og þeim öðrum atriðum í sambandi við slys þetta, sem sjódomurinn eða hinir útnefndu sérfræðingar teldu ástæðu til.

Þess er óskað, að rannsókn þessi fari fram svo skjótt sem tök eru á og að ráðuneytinu verði gefin skýrsla um árangur að henni lokinni.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Til lögmannsins í Reykjavík.